



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/2598
komudagur 28.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 og lögum um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007, sbr. mál nr. 449,

Tollstjóra hefur borist erindi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 12. maí 2010 þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpi þessu er lögð til breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 á þann veg að við 2. mgr. 165. gr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi:

„Fyrningarfrestur samkvæmt 165. gr. gþl. skuli vera fjögur ár og er ekki unnt að slíta fyrningu að nýju enda hafi krafa ekki orðið til vegna ólögmeðra athafna þrotamanns.”

Samsvarandi breyting er lögð til á 9. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda.

Bent er á að reglur frumvarpsins eru í andstöðu við rötgrónar meginreglur kröfuréttar um að við rof fyrningar hefjist nýr jafnlangur fyrningartími kröfu og að hægt sé að viðhalda kröfum með fullnstugerðum. Reglan felur í sér algjöra uppgjöf skulda 4 árum eftir skiptalok og gæti haft mjög óæskileg áhrif á greiðsluhegðun og verið hvetjandi til áhættuhegðunar varðandi fjárhagsskuldbindingar. Reglan gæti hafti hvetjandi áhrif á skuldara til þess að krefjast gjaldþrotaskipta á búi sínu þar sem það væri hagstæðara en að fara í greiðsluaðlögunarferli eða standa skil á skuldbindingum sínum.

Bent er á að úrræði skuldara um greiðsluaðlögun verði verulega raskað verði frumvarpið að lögum. Sjá má fyrir sér að það úrræði verði ekki notað af hálfu skuldara þar sem það verði miklu hagkvæmara og einfaldara að þeir krefjist sjálfir gjaldþrotaskipta á búum sínum á grundvelli ógjaldfærni. Viðkomandi skuldari mundi þá losna við greiðsluaðlögunarferli sem er tímafrekt og gerir jafnframt þá kröfu til skuldara að þeir greiði eftir greiðslugetu sinni á meðan á greiðsluaðlögunartíma stendur.

Þá gerir Tollstjóri athugasemdir við hið óljósa orðalag „ólögmætar athafnir þrotamanns” í 1. mgr. 2. gr. Engar skýringar er að finna í greinargerð með ákvæðinu hvað felist efnislega í því eða hver ákveði að um ólögmeðra athöfn sé að ræða.



TOLLSTJÓRI

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen
Tollstjóri